

Aðalfundur 3F Félags um upplýsingatækni og menntun. Haldinn í KHÍ 20.júní 2005

Fundurinn hófst kl. 16:16.

Fundinn sátu:

Stjórnarmenn: Lára Stefánsdóttir formaður, Sólveig Friðriksdóttir, Salvör Gissurardóttir, Sólveig Jakobsdóttir, Þorbjörg Garðarsdóttir

Aðrir: Elín Jóhannsdóttir, Fjóla Þorvaldsdóttir, Halla Gísladóttir, Hildur Guðmundsdóttir, Ida M. Semey.

Dagskrá:

1. Formaður félagsins eða staðgengill hans setur fund og tilnefnir fundarstjóra.
2. Skýrsla formanns.
3. Skýrsla gjaldkera: Lagðir fram reikningar síðasta fjárhagsárs.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning stjórnar.
6. Kosning endurskoðanda.
7. Önnur mál.

1. Setning fundar og tilnefning fundarstjóra

Lára Stefánsdóttir, formaður félagsins, setti fundinn og var jafnframd tilnefnd sem fundarstjóri.

2. Skýrsla formanns

Rakin voru helstu verkefni félagsins á síðastliðnu ári.

Lára og Sólveig F. fóru yfir umsóknir í þróunarsjóð framhaldsskóla sem er á vegum menntamálaráðuneytis eins og þær hafa gert í mörg ár. Fengu þær greitt fyrir þá vinnu en sjóður félagsins er tilkominn vegna hennar. Lára taldi að sumu leyti álitamál, en vildi þó ekki gera stórmál úr, að peningar til félagsins kæmu eingöngu úr vinnu tengdri framhaldsskólunum en oft væri meiri peningum varið af hálfu félagsins til að styrkja starf tengt grunnskólunum. Sótt var um að halda eitt námskeið í Háskóla Íslands

(Endurmenntunarstofnun). Námskeiðið sem Salvör hélt var um skjákennslu - hvernig væri hægt að nota skjáforrit í kennslu. Sýndi Salvör hluta kennsluefnisins síðar á aðalfundinum. Félagið hefur á undanförunum árum verið duglegt að halda námskeið fyrir kerfisstjóra framahaldsskóla og haldið árlega fund, var það einnig gert á sl. ári. Tölvufyrirtæki hafa hýst þá fundi og miðlað reynslu af rekstri tölvukerfa og hafa þá útgjöld sparast. Haldinn var stjórnarfundur 11.janúar. En þar var rætt um leiðir til að efla starfsemi félagsins en formaður taldi það ekki hafa verið sérlega virkt. Rætt var m.a. um á stjórnarfundinum að hafa fræðslufund um fjarkennslu sem 3F kæmi að og var Sólveigu J. falið að koma með hugmyndir að því. Setti hún það sem verkefni hjá framhaldsnemum á námskeiðinu Fjarnám og –kennsla sem kennt er á sumarönn 2005 við KHÍ. Hafa þeir verið að vinna að því verkefni og var Fjóla Þorvaldsdóttir sem viðstödd var á aðalfundinum í forsvari fyrir hópnum (sjá nánari upplýsingar undir liðnum Önnur mál). Sl. vor var félaginu falið að gera álitserð vegna endurskoðunar námskráa grunn- og framhaldsskóla. Funduðu stjórnarmenn bæði í KHÍ og nýttu Netið (samskiptavef sem Salvör setti upp) til að vinna álitserðina saman. Lára fannst tími til kominn að einhver annar tæki við formannsstarfinu þar sem hún hefur verið önnum kafin bæði sem ráðgjafi í menntakerfinu og varamaður á Alþingi. Og hefði Sólveig F. fallist á að taka að sér formennskuna. Meiri áhugi virtist hafa verið fyrir starfsemi félagsins fyrir 1990 (fyrri formannstímabil Láru) en þá gaf félagið út fréttabréf. Virkja þyrfti fleira og ágætis grundvöllur ætti að vera til þess þar sem félagið ætti talsvert fé. Gott væri að reyna að fá fleiri félagi inn, kannski sérstaklega í tengslum við framhaldsnámið við KHÍ.

3. Skýrsla gjaldkera

Sólveig Friðriks kynnti reikninga félagsins.

Félagið átti 1,320 milljón króna eign sem er á 2 reikningum: vaxta/verðbréfareikningi og á ávísanareikningi. Voru tekjur kr. 1.608.865 en útgjöld kr. 288.442.

Meðal helstu útgjaldaliða voru styrkur v.námskeiðs í Danmörku- en þátttakendur héldu námskeið hér á landi í framhaldi af þátttökunni (kr. 177.186) og ferðastyrkir til formanns (kr. 30.000). En eins og áður kom fram í skýrslu formanns voru helstu tekjur vegna starfsstyrk frá menntamálaráðuneytinu kr. 229.000. Sturla Bragason var endurskoðandi og voru reikningar samþykktir.

4. Lagabreytingar

Engar tillögur um lagabreytingar komu fram.

5. Kosning stjórnar

Lára Stefánsdóttir gaf ekki aftur kost á sér sem formaður félagsins. Í kjöri til formanns var Sólveig Friðriksdóttir og var hún kosin formaður með öllum greiddum atkvæðum. Salvör Gissurardóttir, Sólveig Jakobsdóttir og Þorbjörg Garðarsdóttir gáfu allar aftur kost á sér í stjórn félagsins. Einnig gaf Fjóla Þorvaldsdóttir kost á sér. Voru þær kjörnar í stjórn með öllum greiddum atkvæðum.

1. Kosning endurskoðenda

Elín Jóhannsdóttir og Halla Gísladóttir voru kosnar endurskoðendur með öllum greiddum atkvæðum.

7. Önnur mál.

Rætt var m.a. um þau málefni sem stjórnin hafði sett á oddinn á stjórnarfundi í janúar.

Efla átti vefsíðu félagsins og Lára setti upp bloggsíðu á 3f.hexia.net til reynslu. Hann var ekki mikið nýttur. Þorbjörg ætlar e.t.v. að vinna að endurhönnun vefs félagsins í tengslum við nám á tölvu- og upplýsingatæknibrautinni. Á síðasta stjórnarfundi nefndi Lára einnig að fá Dagnýju Reykjalín til að endurhanna merki 3f. Lára ætlaði að halda áfram að tala við hana.

Fjallað var um hugmynd Salvarar um áherslu á open source (opinn hugbúnað) og Salvör sagði frá málstofu á vegum KHÍ og hún hélt með Sigurði Fjalari Jónssyni (aðgangur ókeypis). Lögð væri mikil áhersla á þá samfélagshugsjón sem birtist í tengslum við þróun opins hugbúnaðar og lagði Salvör mikla áherslu á mikilvægi hennar. Hún nefndi sem dæmi að Linux hópur væri mjög virkur að ræða um tæknimál og finna nýjar lausnir. Hún setti einnig fram þá hugmynd að setja upp vef um open source í kennslu. Í því samhengi var greint frá því að Open source yrði eitt aðalþemað í tengslum við málþing um fjarkennslu – og yrði þá um alþjóðlega vídd að ræða þar sem fengnir yrðu fyrirlesarar erlendis frá. Lára taldi þetta einnig mikilvægan málaflokk og nefndi m.a. að nú keyrði Alþingi öll sín kerfi á open source. Aðalfundur var

mjög áhugasamur um framgang málsins og samþykkti að fela stjórn félagsins um að útfæra hugmyndir nánar.

Mikið var rætt um málþing um fjarkennslu. Sólveig sagði frá aðdraganda þess að nemendum á námskeiðinu Fjarnám og –kennsla var falið að koma með hugmyndir um og skipuleggja málþing á þessu sviði. Fjóla gerði grein fyrir því hvernig nemendur hefðu staðið að málum. Þau opnuðu umræðu um tveimur vikum áður, þ.e. í byrjun júní og voru komin með nokkrar hugmyndir sem hún viðraði á aðalfundinum. Rætt hefði verið um að halda málþingið í tengslum við málþing RKHÍ 7.-8.okt., e.t.v. fimmtudaginn 6.okt. líklega í Keflavík í Fjölbautarskóla Suðurnesja – og halda þá einn fyrirlestur í gegnum fjarbúnað frá Danmörku. Vonast var eftir að fá Elizabet Hofstad-Sörensen frá Háskólanum í Álaborg. Á föstudeginum yrði kvöldverður og e.t.v. farið í Bláa Lónið. Láru fannst góð hugmynd að hafa fundinn ekki í höfuðborginni og rifjaði upp að í upphafi tölvuvæðingar skólanna hefði tölvuvinafélagið – íslenskir kennarar komið saman að búa til hugbúnað (opinn hugbúnað) en þeir héldu sína fundi úti á landi, oft á NA horninu, voru 2-3 daga að vinna og komu með afurðir út. Einnig hefði verið samstarf við Norðurlöndin og hefðu þá 2 forrit komið frá hverju af Norðurlöndunum – verið þýdd á vinnufundi – og komið með tilbúin heim. Þessi hugbúnaður hefði oft verið hannaður fyrir yngstu börnin og verið mikið notaður á Arkímedestölvum. Fjóla talaði um að nemendahópurinn hefði einnig kannað aðra möguleika á staðsetningu t.d. Nesjavelli en e.t.v. spurning um fjölda gesta. Lára – taldi að kannski skipti ekki meginmáli hversu margir kæmu. Leysa mætti húsnæðismál á ódýran máta. T.d. væru sveitaskólar víða sem ættu gamalt heimavistarrými. En e.t.v. væri best að reyna að fá um 30-40 manna hóp á málþingið. Lára nefndi Hvalfjörð sem möguleika á staðsetningu en taldi að ekki væri endilega æskilegt að hafa málþingið í tengslum við RKHÍ. Stungið var upp á að 14.okt. væri betri dagsetning en 6.

Fjóla og Ida greindu frá vali þema málþingsins. Fjalla ætti um þróun fjarnáms/dreifnáms, og opnar lausnir. Fenginn yrði Ian Semey – sem starfar við Álaborgar Háskólann á “e-learning lab”. Hann hefur verið að kenna svipaðan áfanga og Salvör og vinnur eingöngu með Open source, notar eingöngu Moodle í fjarkennslu. Fyrirlestur hans yrði um notkun Moodle. Þá væri gott að fá kennslufræðibakgrunn – hvernig setur t.d. fólk af stað verkefnavinnu/heldur uppi samskiptum meðal nemenda en þau væru gríðarlega mikilvæg. Í því sambandi yrði reynt að fá Elsebeth Korsgaard Sorensen. Lára lýsti yfir ánægju með val á fyrirlesurum. Annað sem vert væri að skoða væri t.d. hvernig tæknin væri nýtt í fjarkennslu og einnig

spurning að tengja t.d. við listir s.s. tónlist og/eða myndlist. Rætt hafði verið við skólustjóra Tónlistarskólans. í Keflavík sem tók mjög jákvætt í að tengjast málþingingu t.d. með því að bjóða upp á – rafræna tónlist/menningartengt atriði. Gert var ráð fyrir að málþingið yrði á föstudag og fram til 2 eða 3 á laugardag. Markhópur málþingsins væri fjarkennarar. Lára taldi að grundvöllur væri fyrir að fjalla um UT og listgreinar, en kannski bara að bjóða upp á einn slíkan fyrirlestur. Hún taldi að mikilvægt væri að taka fyrir hagsmunamál fjarkennara í framhaldsskólum. Ekki væru til kjarasamningar – og kennari sem fjarkenndi í eitt ár fengi þann tíma ekki metinn til starfsaldurs. Stundum væri ætlast til að kennarar væru verktakar og nytu þá ekki annarra kjara kennara. Lára hafði lagt fram fyrirspurnir til menntamálaráðherra á þingi vegna þessa en ekki fengið svör. Ætlaði að ýta á eftir þeim. En dæmi væru um að fjarkennarar hefðu tapað heilu ári í réttindum. Kennarasambandið virðist ekki hafa viljað taka á þessu (Elna) – taka upp á fundi. En spurning væri að bjóða fulltrúa þeirra á opnum málþingsins.

Fjallað var um fjárhaldshliðina – hvað kostaði að halda málþingið. Gert hafði verið ráð fyrir áðstefnugjöldum – kr. 10.-15.000 en ákveðið var að formaður fæli Fjólu og Þorbjörgu að gera fjárhagsáætlun. Hildur kom með fyrirspurn um fjölda fjarkennara á landinu. Lára taldi að þeir væru 300-400. Var rætt um að mikil aukning væri á þeim um þessar mundir.

Þorbjörg benti á að kerfisstjórar væru farnir úr félaginu eða að hugsa um að fara út. En spurning var hvernig staðan var varðandi félag vélritunar og ritvinnslukennara. Sólveig F. sagði að sú þróun hefði átt sér stað síðan 3f skipti um nafn og sótti um styrkinn (til menntamálaráðuneytisins?). En e.t.v væri gott að hafa eitt félag en deildarskipt – t.d. grunnskólakennarar vs. framhaldskólakennarar en hægt að færa á milli á hagkvæmari hátt.

Halla sem er grunnskólakennari, kennir í Lækjarskóla, taldi mikla þörf á vélritunarkennurum á landinu. Skólustjórar væru í vandræðum að finna góða vélritunarkennara því enginn gæti tekið það að sér. KHÍ sinnti því ekki sem skyldi að mennta fólk sem gæti sinnt slíkri kennslu. Salvör og Sólveig punktuðu þetta hjá sér þar sem þær starfa báðar við KHÍ. Halla minnti á að skylda væri að kynna vélritun í grunnskóla. Sólveig F. og Þorbjörg hittu Börk Hansen þáverandi forseta grunndeildar á sínum tíma og vildu reyna að koma kennslufræðilega þættinum í tengslum við vélritunarkennslu að við KHÍ. Lára stakk upp á að nýi formaðurinn beitti sér í málinu og að aðalfundur samþykkti að útfæra mál varðandi fingrasetning.

Fyrirspurn kom fram um hvernig skjákennslan gekk hjá Salvöru (námskeið í HÍ). Salvör var með smásýnikennslu en benti einnig á að ef slegið væri inn Skjákennsla myndist efnið undir skólastarf á síðu Salvarar.

Sólveig F. ræddi um laun til stjórnarmanna en mjög algengt er að stjórnir fagfélaga fái laun.

LS: stjórnarmenn fengju laun. Í fyrra borða einu sinni saman. 50.000 til formanns, annað til gjaldkera, óeðlilegt að kennarar væru í sjálfboðavinnu. Formaður 40.000, gjaldk. 20.000 og aðrir 10.000. Fela stjórn að útfæra í hvaða formi.

Einnig var rætt um að endurskoða þyrfti hvernig staðið væri að félagaskrá fyrir félagið. Á vefsíðu ætti að vera tengill þar sem hægt væri að skrá sig á póstlista sem væri jafnframt félagaskrá. Sumir fundarmenn höfðu hins vegar þá reynslu að hafa reynt að skrá sig á póstlistann en töldu sig ekki fengið póst frá félaginu. Lára ætlaði að skoða þessi mál.

Að lokum þakkaði Lára fyrir að hafa fengið að vera formaður undanfarin 6 ár og óskaði nýjum formanni góðs gengis í starfinu. Henni var sjálfri þakkað fyrir góð störf á liðnum árum.

Fundi var slitið kl. 5:53.

Fundarritari: Sólveig Jakobsdóttir